

Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík, 21. október 2019
UST201909-189/F.T.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 20. september sl. þar sem áformað var að áminna rekstraraðila. Þann 3. október sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 1.4 í fyrirmælum um frágang og vöktun.** Við frágang urðunarstaðarins skal jarðvegs- eða moltulag sem urðunarstaðurinn er hulinnt með vera a.m.k. 1 m þykkt. Magn plasts og annarra úrgangsefna sem sást á yfirborði benti til þess að þekjulag uppfylli ekki þessar kröfur. Frágangi taldist því ekki lokið. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila hefur yfirborð verið jafnað út og er magn plasts og annarra úrgangsefna nú hulið. Að mati rekstraraðila er frágangi lokið. Umhverfisstofnun fellst á framangreint en mun taka úrbætur út í næsta eftirliti.**
- 2. Gr. 1.5 í fyrirmælum um frágang og vöktun.** Safna skal öllu sigvatni undan urðunarstaðnum og skal það leitt um hriplag og siturlögn í sandmyndun í Langamó. Koma skal í veg fyrir að óhreinsað sigvatn berist í Sigurðargil um yfirfall á sigvatnskerfi. Tjörn var á yfirborði urðunarstaðarins sem og að vatn rann um yfirfall í Sigurðargili. **Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að sigvatni sé í dag safnað undan urðunarstaðnum og það leitt um hríplögn og siturlögn í sandmyndun í Langamóa. Óhreinsað sigvatn berist ekki í Sigurðargil og tjörn á yfirborði hafi verið fyllt upp með jarðvegi. Umhverfisstofnun fellst á framangreint en mun taka úrbætur út í næsta eftirliti.**
- 3. Gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun.** Rekstraraðili skal skila niðurstöðum skráninga til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Skráningum fyrir árið 2018 hafði ekki verið skilað. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila voru mælingar og vöktun á sigvatni, grunnvatni, yfirborðsvatni og árseti framkvæmdar í september sl. en niðurstaða sé að vænta síðar á árinu. Akureyrarbær hefur sent stofnuninni samning þess efnis að Íslenskar orkurannsóknir hafi tekið að sér vöktun staðarins frá 1. janúar 2019. Stofnunin fellst á framangreint og fer fram á að niðurstöður mælinga verði sendar þegar þær liggja fyrir.**
- 4. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.** Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I-V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Óvirkur urðunarstaður Akureyrarbæjar í Glerárdal var rekinn án starfsleyfis. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila er óvirkur urðunarstaður ekki rekinn á Glerárdal í dag.**

Umhverfisstofnun fellst á framangreint en mun taka úrbætur út í næsta eftirliti.

5. **tl. 6 í I. viðauka við reglugerð nr. 738/2003.** Koma skal úrgangi þannig fyrir á urðunarstaðnum að haugurinn og tengd mannvirki séu sem stöðugust, einkum þannig að ekki verði um skrið að ræða. Norðurhlið óvirka urðunarstaðarins var mjög brött og greinileg ummerki um hrun úr haugnum. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila hefur verið komið í veg fyrir skrið úr norðurhlið óvirka urðunarstaðarins. Umhverfisstofnun fellst á framangreint en mun taka úrbætur út í næsta eftirliti.**
6. **tl. 7 í I. viðauka við reglugerð nr. 738/2003.** Urðunarstaðurinn skal varinn þannig að ekki sé frjáls aðgangur að honum. Hlið skulu vera lokuð nema þann hluta dags sem starfsemi fer fram. Á hverjum urðunarstað skal eftirlits- og aðgangskerfi einnig fela í sér aðgerðir sem miða að því að koma upp um og sporna gegn ólöglegri losun á staðnum. Engin aðgangsstýring er á urðunarstaðnum. **Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að aðgangsstýringu að urðunarstaðnum hafi verið komið upp í ágúst sl. Umhverfisstofnun fellst á framangreint en mun taka úrbætur út í næsta eftirliti.**


Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **26.400 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri



Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra